



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hafnarfjarðarkaupstaður

Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 10. janúar 2020  
1501005 SB

Efni: Málefni skíðasvæðanna

Á 480. stjórnarfundum SSH, þann 6. janúar s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

*Tekin er til umræðu staða og næstu skref er varðar framkvæmdir á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.*

*Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:*

- a) *Minnisblað framkvæmdastjóra fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðum.*
- b) *Tillaga að viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Á fundi stjórnar SSH 4. nóvember 2019 var framkvæmdastjóra falið að vinna að viðauka við samning sveitarfélaganna er varðar uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.*
- c) *Viðauki við erindissbréf verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.*
- d) *Önnur gögn er málið varðar.*

*Skv. minnisblaði framkvæmdastjóra er staðan á verkefni sú að Veitur hafa afturkallað kæru sína vegna matsskyldu framkvæmda á skíðasvæðunum með bréfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindmála frá 9. desember 2019. Ástæða afturköllunar byggist á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum sem Veitur hafa talið nauðsynlegar til að minnka hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Í því efni er m.a. fjallað um mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar og ákvörðun veitna sveitarfélaganna að setja upp sírita í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins og borun á fjórum nýjum rannsóknarholum í því skyni að styrkja grunnvatns- og rennislíkans höfuðborgarsvæðisins.*

*Framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdanna á skíðasvæðinum verður tekið fyrir til umræðu og afgreiðslu hjá Kópavogsbæ þann 6. janúar. Athugasemda- og kærufrestur er til 17. febrúar 2020. Að því gefnu að framkvæmdaleyfi verði gefið út um miðjan febrúar 2020 er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða út fyrsta áfanga framkvæmdanna. Á þeim tímapunkti verða útbodsgögn endanlega tilbúin og útbod getur farið fram.*

*Að framgangi verkefnisins hefur verkefnahópur starfað á undanförunum misserum. Lagt er til að verkefnahópurinn starfi áfram og sinni fyrst og fremst samræmingar og eftirlitshlutverki með*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*framkvæmdinni. Ráðinn verði verkefnastjóri framkvæmdanna til að halda utan um stjórn og eftirlit með verkefninu (sjá viðauka erindisbréf).*

*Niðurstæða fundar:*

*Stjórn samþykkir að vísa fyrirliggjandi drögum að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna.*

*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að viðauka við erindisbréf verkefnahóps vegna uppbygginga og reksturs skíðasvæðanna frá 5. mars 2018 og að fulltrúa samstarfsnefndar skíðasvæðanna verði boðin sæti í verkefnahópnum.*

Óskað er eftir að viðaukinn við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til efnislegrar umræðu og afgreiðslu.

Afgreiðsla málsins óskast sent á [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is)

Virðingarfyllt,

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi gögn:

- 1) Viðauki við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.
- 2) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH fyrir hönd verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt fylgigögnum sem lögð voru fyrir 480. fund stjórnar SSH þann 6. janúar 2020